



Reykjavík 20. september 2018

ÚRSKURÐUR – Mál 2018/01

Stjórn KLÍ tekur sæti í Aganefnd þar sem aðildarfélag hafa ekki tilkynnt nefndaramenn fyrir tímabilið 2018 – 2019.

Umrætt mál er vegna atviks í 3. umferð Íslandsmóts sem barst aganefnd og stjórn þriðjudaginn 16. október s.l. frá skorritara KLÍ. Leikmenn KFR Keilufélaga þeir Hrannar Þór Svansson og Ásgeir Karl Gústafsson voru ekki skráðir með leikheimild í kerfum KLÍ við upphaf móts.

KFR var gefinn kostur á að skila inn athugasemdum sínum og kom þar fram að um misskilning væri að ræða þar sem KFR telur sig hafa fengið misvísandi skilaboð frá KLÍ á undanförunum árum.

Við eftirgrennslan kom það í ljós að misskilningur var hjá KFR með nýskráningu leikmanna. Ómerktar greiðslur höfðu komið frá KFR inn á reikning KLÍ en leikheimildir með tilvísanir í greiðslur voru ekki lagðar inn. Einhverjar leikheimildir höfðu borist KLÍ, þó ekki fyrir umrædda leikmenn.

Skilað hafði verið inn blaði með nýskráningu leikmanna fyrir umrætt lið en skv. 1. gr. í Reglugerð KLÍ um skráningu leikmanna segir: „*Allir þeir sem öðlast vilja keppnistrétt með félagi innan vébanda KLÍ til þátttöku í Íslandsmótum í keilu skulu skila inn umsókn um leikheimild. Öll félaga- og/eða liðaskipti skulu gerast á vegum KLÍ.*“

Leikurinn fór 12 – 2 fyrir Þór-Víkinga

Skv. 5. gr. Reglugerðar KLÍ umkeilumót segir að ef lið noti leikmann sem hafi ekki leikheimild skuli sá leikur/viðureign dæmast liðinu tapaður/töpuð. Ekki er unnt að líta fram hjá þessu ákvæði reglna KLÍ.

Úrskurðarorð

Leikurinn fer 14 – 0 fyrir Þór Víking. Framkvæmdastjóri KLÍ breytir skráningu skors skv. þessu.

F.h. stjórnar KLÍ,
Jóhann Ágúst Jóhannsson formaður KLÍ